

# Formannafundur KRAFT 26.11.2016

Fundur stjórnar KRAFT með formönnum aðildarfélaganna var haldinn í húsaálfunum ÍSÍ að Engjavegi kl. 10:00 þann 26. nóvember 2016.

Mættir frá stjórn: Borghildur Erlingsdóttir, Ása Ólafsdóttir, Róbert Kjarran og Gry Ek.

Mættir frá félögum: Aðalsteinn Grétar Guðmundsson (Kormákur), Þorbergur Guðmundsson (Hörður), Grétar Skúli Gunnarsson (KFA), Helgi Briem (Ármann), Einar Örn Guðnason (Akranes), Ingimundur Björgvinsson (Grótta), Rósa Birgisdóttir (Stokkseyri), Guðfinnur Snær Magnússon (Breiðablik) og Gunnlaug Olsen (Massi).

Borghildur bauð formenn velkomna og setti fundinn. Hún stakk upp á sjálfri sér sem fundarstjóra og Róberti sem fundarritara og var það samþykkt.

## 1. Reglugerðir – breytingar og umræða:

Gry fór yfir fyrirhugaðar breytingar á reglugerðum og óskaði eftir umræðu um þær.

- a) 29. gr. reglugerðar um kraftlyftingakeppni: Dómaraskírteinum bætt við og kveðið á um ábyrgð dómara um að halda þeim uppfærðum.
- b) 23. gr. reglugerðar um kraftlyftingakeppni: Keppenda- og dómatalisti þarf að liggja fyrir og vera birtur síðasta lagi viku fyrir mót. Keppnisvigt þarf að vera aðgengileg kvöldi fyrir mótisdag.
- c) Opin mót sett á mótaskrá. Senda þarf keppendalista til KRAFT til yfirferðar. Skerpa þarf á orðalagi um lágmark. Á opnum mótum getur keppendur náð lágmarkum inn á ÍM, en lágmarkum í landslið er aðeins hægt að ná á meistaramótum.
- d) Landsliðslágmark hafa verið sett að tillögu þjálfararáðs. Nokkur atriði þar sem tölurnar þykja óeðlilegar, sömu tölur í mism. þgfl. og sömu tölur á HM og EM. GSG fær orðið og nefnir að þetta tengist styrkleikalista á Evrópumótum þar eru þeir flokkar að vinnast á svipuðum tölum.
- e) Í verklagsreglum við val í landslið er kveðið á um að keppandi þurfi að keppa á, án þess að falla út, á tveimur meistaramótum (innan- eða utanlands). Upphaflega hugmyndin var að þau meistaramót yrðu að vera í þeirri keppnisgrein sem að væri stefnt, en orðalagið leyfir önnur meistaramót. Fundarmenn með hugmyndir um að keppandi þurfi að taka a.m.k. eitt meistaramót innanlands. Búið er að velja í landslið 2017, en þessar hugmyndir verða teknar til greina fyrir val í landslið 2018.

## 2. Breyting á mótaskrá:

Ása tók til máls um breytingar á mótaskrá. Hægt er að fá opnum mótum bætt við á mótaskrá, brýnir þó fyrir mönnum að þau verði að uppfylla reglugerð um kraftlyftingakeppni.

## 3. Dómaramál:

Gry tók til máls um nýjungar í dómaramálum. Dómaranefnd mun raða dómurum á meistaramót ársins 2017. Dómaranefnd mun meðfram því taka til á dómatalista KRAFT og þeim sem ekki hafa dæmt á sl. ári fá tækifæri til að endurnýja sín réttindi eða falla af listanum. Þessi breyting er tilraun og ekki verða gerðar breytingar á reglugerðum. Spurningar komu fram um það hver ber ábyrgð ef dómari forfallast og hvort einnig verði skipað í kviðdóm á ÍM. Gry og Ása sögðu ábyrgð á forföllum vera stjórnar, en þurfi að vera í samráði við mótshaldara, og að nauðsynlegt sé að skipa varadómara. Dómaranefndin mun einnig skipa í kviðdóm á ÍM.

#### 4. Afreksstefnan:

Ása kynnti endurskoðun afreksstefnunnar. Vegna breytinga á landsliðsreglum og Afrekssjóði ÍSÍ þá er nauðsynlegt að ráðast í breytingar á afreksstefnunni. Skilgreina þurfi afrek, sundurliða þarf í hvað styrkirnir fara og hvað starfið kostar, setja þurfi inn afrekstarf barna og unglunga. Aftast er listi yfir óskalista verðlauna sem er tómur í núverandi stefnu og Afrekssjóður krefst ekki. Ása óskaði eftir hugmyndum fundarmanna og leyfi til að taka stefnuna til endurskoðunar. Nokkur atriði komu fram í umræðum:

- a) Betra væri að stefna að ákveðnum keppenda á alþjóðamótum frekar en hafa stefna að ákveðnum fjölda verðlauna.
- b) Varðandi skilgreiningu afreks: Núv. afreksstefna miðar við ákv. Wilks-tölur til að flokka afreksmenn og gerir ekki greinarmun á kraftlyftingum (með búnaði) eða klassískum kraftlyftingum. Mörg önnur sérsambönd miða við stöðu á heimslista, en þar taka heimslistar til fleiri móta.

Líklegt er að auknu fé verði veitt í Afrekssjóð, en þó verður úthlutað mv. þá fjárhæð sem hann hafði í fyrra. Eftir Íþróttabing verður úthlutað aftur eftir nýjum reglum.

Formannafundur samþykkir að stjórn endurskoði kostnað afreksstefnunnar, sem kemur fram aftast í henni.

Borghildur nefndi að vont sé að sambandið sé algjörlega háð því að fá úthlutað úr Afrekssjóði. Hún óskaði eftir hugmyndum um hvernig hægt sé að finna styrktaraðila. Gry tók fram að í núgildandi afreksstefnu væri eitt af markmiðum ársins að finna styrktaraðila. Fjögur stærstu sveitarfl eru með kraftlyftingamenn sem íþróttamenn ársins. Einar og GSG tala um að mögulega sé auðveldara að finna marga smáa styrki fyrir afmörkuð verkefni. Ingimundur að skilgreina þurfi hvað það er sem við erum að selja áður en við reynum að finna styrktaraðila. GSG nefnir dæmi um að sambandið geti verið umboðsaðili fyrir búnað. Borghildur leggur til að stjórnin fara í þessa vinnu og leggi tillögu fyrir þingið og taka fundarmenn undir það.

#### 5. Þjálfaramenntun:

Gry tekur til máls um endurskipulagningu þjálfaranámsins. Þjálfaranámskeið hefur verið haldið tívegis. Hugmyndir eru uppi um að vera með þjálfara 1 og þjálfara 2 í sumarbyrjun. Verður unnið í samstarfi við þjálfararáð. Fundarmenn almenn sáttir. IB með hugmyndir um að afreksmenn taki þátt í þessu. Gry vill að þjálfararáð og fræðslunefnd hittist og útfæri þetta. Tengist þjálfara ÍSÍ. Félög þurfa að eiga umræðu um eigin þjálfara. Gry nefnir IPF þjálfaranám. Enginn fer nema með meðmæli aðildarsambands. Menntunin á að nýtast samböndum og félögum. IB segir að þetta sé grunnnámskeið og að æskilegt sé að tenging íslenska námsins og IPF náms. **Fræðslunefnd og þjálfararáð búa til pakka og bjóða upp á í sumarbyrjun 2017.** IB nefnir að þetta þurfi nauðsynlega að vera grunnur sem fyrsta skref.

#### 6. Landsliðsverkefni 2017:

Gry kynnir stöðuna. Verkefnalisti næsta árs liggur fyrir. Beðið eftir fjárhagsáætlun. Svo lagt til stjórnar og birt í desember. Lágmrök látin gilda sem og tveggja móta reglan.

Landsliðssamningar í undirbúningi, skrifað verður undir í desember. Samningar fyrir þjálfara í undirbúningi, gengið frá því í kringum áramót. Þann 15. desember verður listinn gerður opinber. NM unglunga á að vera í feb. Norðmenn vilja færa mótið í okt. Skýrist vonandi fyrir mánaðarmót. Stefnt á feb þangað til annað kemur í ljós.

#### 7. Félagaskipti:

Gry minnr á reglur um félagsskipti. Eðlilegt að það sé gert eftir reglum um áramót. Nýja félagið þarf að skrá iðkendur í Felix í samræmi við reglur.

**8. Kraftlyftingaþing:** Ekki föst dags en gert ráð fyrir að það verði í febrúar.

**9. Önnur mál:**

- a) GSG opnur umræðu um skráningu móta. Segir erfitt að fara ferðast með allan keppnishóp á mót. Vill að met megi slá á opnum mótum. Nefnir Gamlármótið á Akureyri. Leggur til að aftur verði hægt að slá met á opnum mótum. EÖG nefnir að þá þurfi að tryggja að dómgæsla sé í lagi (með því að skipa dómara á opin mót). Gry nefnir tvær tilraunir og segir að eðlilegt sé að sjá hvernig það virkar. IB nefnir að þetta sé ekki tímabært með núverandi dómara fjölda. Borghildur leggur áhersla að umgjörðin verði að vera í lagi og dómgæslan þurfi að vera í lagi. IB nefnir að í Danmörku séu opin mót þannig að hægt er að setja met á opnum.
- b) EÖG spyr um keppendur á RIG: Gry ræðir ópinberan lista af erlendum (3 kvk, 1 kk staðf., nokkrir óstaðfestir) og íslenskum keppendum.
- c) GSG óánægður með að aðalstarfsemi kraftlyftinga sé á SV-horninu. Segir t.d. erfitt fyrir landsbyggðarfólk að sækja fundi. EÖG nefnir að síðasti formannafundur hafi t.d. verið haldinn á Akureyri í tengslum við ÍM og betra væri að þessir fundir séu alltaf haldnir í tengslum við mót. Almenn sátt um að það stefnt skuli að því.
- d) EÖG spyr um dómaraþróf 2017: Gry hefur beðið dómara nefnd um að halda dómaraþróf á byrjenda- og lágmarkamótinu. EÖG leggur til að prófað verði á fleiri mótum. Alþjóðadómara þurfa að sjá um þetta. Mikilvægt að fjölga dómaraþrófum svo fjölga megi dómurum í félögum.
- e) Samskipti og orðræða: Gry með hugleiðingu varðandi samskipti og framkomu. Gry fer yfir breytingar frá gamla KRAFT. Kraftlyftingasamband Íslands nú er nokkuð ólíkt því gamla. Hlutverk okkar að móta anda nýrra kraftlyftingamanna. Óvægin umræða á samskiptamiðlum ekki góð til að skapa nýjan anda fyrir unga iðkendur. Umræða um fyrirlestra UMFÍ og ÍSÍ um karaktera í íþróttum og framkomu þeirra. Nokkrir aðilar nefna að nauðsynlegt sé að bera virðingu fyrir öðrum. Mikilvægt að ágreiningur sé ræddur á réttum vettvangi. Góð ímynd nauðsynleg ef við ætlum að sækja til styrktaraðila.

**10. Fundi slitið:**

Borghildur þakkar fundarmönnum fyrir að mæta og fyrir góða og upplýsandi umræðu. Hun óskar mönnum einnig til hamingju með afrek okkar fólks á nýafstöðnu HM. Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 12:10.

Fundinn ritaði Róbert Kjarran.